

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Álvinnsla Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.12.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alur Álvinnsla	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5903982099	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	27.42 Álvinnsla
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Thorlacius	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Unnið er að lokun verksmiðjunnar í Helguvík. Framleiðsla hætti í mars 2015 og rekstri skolgryfju í janúar 2017. Lóðin sem skolgryfjurnar voru á hefur verið afhent til eiganda (Reykjaneshafnar), Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frágang lóðarinnar.

Eitt frávik er skráð frá starfsleyfi þar sem að ekki voru framkvæmdar vöktunarmælingar á árinu 2016. Framkvæma skal vöktunarmælingar í sjó til ársins 2019 (í amk tvö ár frá því að rekstri skolgryfju er hætt).

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Alur álvinnslu. Starfsemi var hætt í mars 2015 og rekstri skolgryfju í janúar 2017. Búið er að ganga frá vinnsluhúsnæði og öllum framleiðsluúrgangi hefur verið ráðstafað á viðeigandi hátt. Frágangur við skolgryfju var yfirfarinn í eftirlitinu. Búið er að grafa fylla upp í gryfjurnar og slétta úr. Reykjaneshöfn er eigandi lóðarinnar og gerir ekki athugasemdir við fráganginn. Rekstraraðila ber að vakta sjóinn við gryfjurnar í tvö ár eftir að rekstri er hætt. Samkvæmt rekstraraðila er búið að óska eftir að mælingar verði framkvæmdar og áætlað að þær fari fram nú í desember.

Frávik frá

Samþykktri vöktunaráætlun (grein 5.1 í starfsleyfi)

Lýsing á frávik

Samkvæmt samþykktri vöktunaráætlun skal framkvæma vöktunarmælingar í sjó umhverfis skolgryfjur árlega. Engar slíkar mælingar voru gerðar árið 2016.

ANNAÐ

Í eftirlitsskýrslu frá 2016 er gerð krafa um að sjór sé vaktaður í amk 2 ár eftir að rekstri skolgryfju er hætt. Rekstri var hætt í byrjun árs 2017 og skal því vakta sjóin fram til ársins 2019.

Halldór K. Haraldsson hafnarstjóri Reykjaneshafnar var viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 08.01.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir